

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

og

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

vegna

FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

GILDISTÍMI:

1. ágúst 2016 til 31. mars 2019

EFNISYFIRLIT:

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA	4
2. MÁNAÐARLAUN	4
GREIN 1.1.1 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	4
3. SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMA	4
GREIN 1.1.4 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	4
4. STARFSHEITI OG RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA	5
GREIN 1.1.1 STARFSHEITI OG RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA BREYTIST FRÁ 1. OKTÓBER 2016 OG HLJÓÐAR SVO:.....	5
1.1.1 Röðun í launaflokka	5
5. KENNARAR VIÐ BRÚARSKÓLA, KLETTASKÓLA OG HLÍÐARSKÓLA Á AKUREYRI	6
GREIN 1.3.1.2 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	6
6. ANNARUPPBÓT	6
GREIN 1.7 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	6
7. VINNUTÍMI KENNARA Í GRUNNSKÓLA	6
GREIN 2.1.6.1 UM VINNUSKYLDU KENNARA BREYTIST OG HLJÓÐI SVO FRÁ 1. ÁGÚST 2017:.....	6
VINNUTÍMA KENNARA Í FULLU STARFI ER SKIPT Í ÞRÍJA ÞÆTTI A, B OG C.....	7
8. VINNUSKYLDA VEGNA NÁMSKEIÐA OG Í ÓHEFÐBUNDNU SKÓLASTARFI	9
GREIN 2.1.6.2 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	9
9. NEMENDAFERÐIR, GREIÐSLUR FYRIR UMSJÓN	9
GREIN 2.3.9 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	9
10. GÆSLA NEMENDA	10
GREIN 2.3.10 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	10
11. HEIMILD TIL AÐ SAFNA FRÍDÖGUM VEGNA YFIRVINNU	10
NÝ GREIN 2.4.7 TEKUR GILDI 1. ÁGÚST 2016 OG HLJÓÐI SVO:.....	10
12. KENNSLUVIÐMIÐ Í DAGVINNU	10
GREIN 2.5.1 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO FRÁ 1. ÁGÚST 2017:.....	10
13. LÆKKUN HÁMARKSVINNUSKYLDU NÝLIÐA Í DAGVINNU	10
GREIN 2.5.1.1 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	10
14. SKAÐABÓTAKRAFA	11
NÝ GREIN 7.6 HLJÓÐI SVO:.....	11
15. STARFSÞRÓUNARSAMTÖL	11
GREINAR 10.1 OG 10.2 BREYTAST OG HLJÓÐA SVO:.....	11
16. VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA KENNSLUFERILS, LÍFALDURS EÐA STARFSÞRÓUNAR	12
VIÐ GREIN 10.3 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:	12
17. SAMSTARFSNEFND	12
KAFLI 11 BREYTIST OG HLJÓÐI SVO:.....	12
18. TÆKNIFRJÓVGUN	13
NÝ GREIN 13.2.11 TEKUR GILDI FRÁ 1. OKTÓBER 2016 OG HLJÓÐI SVO:.....	13

19. GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	13
20. BÓKANIR.....	15
21. FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	16

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA OG KENNARASAMBAND ÍSLANDS VEGNA FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

gera með sér svofelld samkomulag um breytingar og
framlengingu á kjarasamningi aðila

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. ágúst 2016 til 31. mars 2019 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjölum A eða B.

Launatöflur í fylgiskjali A gilda um þá kennara sem afsalað hafa sér þeim réttindum um lækkun hámarkskenndu sem felast í grein 2.5.2 og um þá sem ráðnir eru til starfa eftir 1. júní 2014.

Launatafla A-1, gildistími: 1. ágúst 2016 til 31. maí 2017

Launatafla A-2, gildistími: 1. júní 2017 til 31. maí 2018

Launatafla A-3, gildistími: 1. júní 2018 til 31. mars 2019

Launatöflur í fylgiskjali B gilda um þá kennara sem velja um að halda þeim réttindum um lækkun hámarkskenndu sem felast í grein 2.5.2.1.

Launatafla B-1, gildistími: 1. ágúst 2016 til 31. maí 2017

Launatafla B-2, gildistími: 1. júní 2017 til 31. maí 2018

Launatafla B-3, gildistími: 1. júní 2018 til 31. mars 2019

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Föst laun skulu að öllu jöfnu greidd eftir á, fyrsta virka dag hvers mánaðar.

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

3. SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMA

Grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:

Þann 1. október 2016 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi í september 2016 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 35.000. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í september 2016.

Sérstök eingreiðsla, kr. 51.900, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember 2018.

4. STARFSHEITI OG RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA

Grein 1.1.1 Starfsheiti og röðun í launaflokka breytist frá 1. október 2016 og hljóðar svo:

1.1.1 Röðun í launaflokka

Starfsheiti, starfslýsing og launaflokkur:

Leiðbeinandi 1 (Ifl. 226):

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu

Leiðbeinandi 2 (Ifl. 228):

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og hefur leikskólakennarapróf, þroskaþjálfapróf eða annað formlegt próf sem nýtist í starfi.

Danskennari (Ifl. 233):

Danskennari með viðurkenningu frá Dansráði Íslands vegna starfa sem danskennari.

Grunnskólakennari (Ifl. 233):

Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá.

Faggreinakennari / Sérgreinakennari / Skólasafnskennari (Ifl. 234):

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur á hendi faggreina- og/eða sérgreinakennslu eða skólasafnskennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi viðkomandi.

Umsjónarkennari (Ifl. 235)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsjón með nemendum í bekk/námshópi. Hver nemandi skal hafa einn umsjónarkennara (sbr. lög nr. 91/2008 13 gr.).

Sérkennari (Ifl. 235)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur á hendi sérkennslu skv. skilgreiningu 2.gr. reglugerðar nr. 585/2010 um sérkennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi.

Náms- og starfsráðgjafi 1 (Ifl. 236)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í 25-49% starfi.

Náms- og starfsráðgjafi 2 (Ifl. 238)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í hálfu starfi eða meira.

Verkefnistjóri 1 (Ifl. 238)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 20% - 49% verkefnastjórn.

Verkefnisstjóri 2 (Ifl. 241)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 50% - 100% verkefnastjórn.

5. KENNARAR VIÐ BRÚARSKÓLA, KLETTASKÓLA OG HLÍÐARSKÓLA Á AKUREYRI

Grein 1.3.1.2 breytist og hljóði svo:

Kennarar við Brúarskóla, Klettaskóla og Hlíðarskóla á Akureyri raðist einum launaflokki ofar en fyrrgreind starfsheitaröðun segir til um.

Vegna sérstöðu ofangreindra skóla getur sveitarfélag veitt skólastjóra heimild til að gera samkomulag við kennara um breytingar á vinnutímaákvæðum eftir því sem starf skólans kallar á hverju sinni sbr. grein 2.1.2.

6. ANNARUPPBÓT

Grein 1.7 breytist og hljóði svo:

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. desember 2016	kr. 80.000,-
Annaruppbót 1. júní 2017	kr. 82.500,-
Annaruppbót 1. desember 2017	kr. 82.500,-
Annaruppbót 1. júní 2018	kr. 85.000,-
Annaruppbót 1. desember 2018	kr. 85.000,-

7. VINNUTÍMI KENNARA Í GRUNNSKÓLA

Grein 2.1.6.1 um vinnuskyldu kennara breytist og hljóði svo frá 1. ágúst 2017:

2.1.6.1 Vinnuskylda kennara

Vinnuskylda kennara í fullu starfi er 1800 stundir á ári og vikuleg vinnuskylda kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Á 37 vikna starfstíma skóla er vikuleg vinnuskylda hans 42,86 klst. Dagvinna er unnin á tímabilinu kl. 08:00 -17:00 frá mánudegi til föstudags, sbr. þó gr. 2.1.2. Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma í samráði við kennara. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.

Vinnutími kennara, skólasafnakennara og náms- og starfsráðgjafa skal vera samfelldur og unninn undir stjórn skólastjóra. Skólastjóri og kennari geta gert með sér samkomulag um að kennari inni af hendi hluta sinnar vinnu utan vinnustaðar. Markmiðið með þessum sveigjanleika er að koma til móts við þarfir skóla og kennara, t.d. hvað varðar starfspróun, sérhæfðan undirbúning kennslu og önnur þau störf sem aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að vinna utan vinnustaðar. Mikilvægt er að skapa gott vinnuumhverfi þannig að eftirsóknarvert sé að starfa á vinnustað.

Undirbúningsdagar fyrir upphaf og eftir lok starfstíma skóla eru samtals 8, sbr. gr. 2.1.5.2. Að auki eru 150 klst. til starfspróunar og undirbúnings, sbr. gr. 10.2, þó þannig að orlofsréttur kennara hefur áhrif á þann tíma sem verja skal til starfspróunar og undirbúnings. Kennarar eldri en 30 ára ná í meðalári 126 klst. en þeir sem eru 38 ára og eldri ná 102 klst. í meðalári.

Þó að grunnverkefni kennara séu þau sömu þá geta verkefnin verið ólík milli einstaklinga og skóla. Það er gagnkvæmur skilningur samningsaðila að skólastjórnendum beri að taka tillit til þess við skipulag vinnutíma kennara og gerð vinnumats.

Vinnutíma kennara í fullu starfi er skipt í þrjá þætti A, B og C.

A þáttur: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem hafa forgang í starfi kennara.

B þáttur: Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C þátt.

C þáttur: Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á samkvæmt töflu 1. Heimilt er með samráði skólastjóra og kennara að auka við eða minnka vægi A, B eða C þátta enda breytist vægi annarra þátta samsvarandi.

Skólastjóri getur, í samráði við kennara, ákveðið að haga vikulegum vinnutíma með öðrum hætti en taflan greinir. Þetta á t.d. við um kennslu í lotum þannig að kennsluframlag getur verið meira eða minna yfir ákveðið tilgreint tímabil þó þannig að meðalkennsluframlag yfir skólaárið helst óbreytt.

Dæmi um mismunandi vinnuskyldu eftir mismunandi kennsluframlagi.

Tafla 1: Árleg vinnuskylda				
	26 kest. á viku í 37 vikur	25 kest. á viku í 37 vikur	24 kest. á viku í 37 vikur	19 kest. á viku í 37 vikur
A þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Kennsla	641 klst	617 klst	592 klst	469 klst
Undirbúningur og úrvinnsla kennslu	395 klst	380 klst	370 klst	308 klst
Samtals:	1036 klst.	997 klst	962 klst.	777 klst.
B þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Önnur almenn störf og kaffitími	614 klst	653 klst	688 klst	873 klst
Starfsþróun og undirbúningur ¹	150 klst	150 klst	150 klst	150 klst
Samtals:	764 klst.	803 klst	838 klst.	1023 klst.
C þáttur	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári	klst. á ári
Sérverkefni / viðbótarverkefni				
Samtals:				
Samtals A+B+C	1800 klst.	1800 klst	1800 klst.	1800 klst.

¹ Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst. og þeir sem eru 38 ára og eldri ná aðeins 102 klst. í meðalári.

A-þáttur: Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla

Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem kennari tekur að sér á hverjum tíma er að jafnaði 1.036 klst. á ári fyrir kennara í 100% starfshlutfalli. Kennsluskylda er 26 kest. (17,33 klst.) á viku fyrir fullt starf án kennsluafsláttar.

Kennsluskylda umsjónarkennara skal vera 25 kest. (16,66 klst.) á viku fyrir fullt starf án kennsluafsláttar. Viðbótartíminn sem skapast við kennsluskyldulækkun umsjónarkennara skal skilgreindur sérstaklega í B – þætti vinnumats og skal honum öllum bætt við þann tíma sem umsjónarkennarar verja til að uppfylla lögbundið hlutverk sitt eins og kveðið er á um í lögum og aðalnámskrá.

Skólastjóri og kennari geta gert samkomulag um að kennari kenni meira eða minna á bilinu 24 kest – 28 kest. og minnki eða auki þannig tíma til verkefna í B-þætti. Slíkt samkomulag er háð samþykki kennara og skólastjóra. Geri skólastjóri og kennari slíkt samkomulag þá gildir eftirfarandi: Ef kennsla eykst gegn skerðingu tíma til annarra starfa í B-þætti greiðist ekki yfirvinna. Ef tími til annarra starfa í B-þætti er ekki minnkaður á móti aukinni kennslu skal greiða yfirvinnu fyrir hana enda eykst vinnuframlag sem því nemur.

Sveigjanleikanum er ætlað að styðja við áherslur í skólastarfi á hverjum stað. Mælist mikið álag í grunnþáttum vinnumats skal taka tillit til þess við niðurröðun verkefna í B-þætti.

Lægri kennsluskylda umsjónarkennara er tilkomin þar sem umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila (sbr. lög um grunnskóla).

Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila (úr aðalnámsskrá).

B-þáttur: Önnur verkefni

Önnur verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C. Stærð B þáttar er að jafnaði 803 klst á ári hjá umsjónarkennurum en 764 klst. á ári hjá öðrum kennurum. Sjá töflu 1.

Viðbótartíminn sem skapast við kennsluskyldulækkun umsjónarkennara skal skilgreindur sérstaklega í B – þætti vinnumats og skal honum öllum bætt við þann tíma sem umsjónarkennarar verja til að uppfylla lögbundið hlutverk sitt eins og kveðið er á um í lögum og aðalnámskrá.

Í þessum hluta eru verkefni sem kennarar sinna og falla ekki undir A eða C, t.d. aukinn undirbúningur, tími til umsjónarstarfa, fundir innan skólans og utan, viðtalstímar, almenn upplýsingaskráning/ upplýsingagjöf og faglegt samstarf kennara. Starfsþróun, skólaþróun og námskrárvinna, þátttaka í innra mati, ytra mati og rannsóknum. Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum, og nemendasamtöl. Jafnframt vinna með nemendum t.d. á bókasafni, á þemadögum, í nemendaferðum og á sérstökum uppbrotsdögum. Kaffitímar/frímínútur teljast til B þáttar.

Mælist mikið álag í grunnþáttum vinnumats skal taka tillit til þess við niðurröðun verkefna í B – þætti.

Ef skólastjórnandi og kennari eru sammála um að kennari þurfi aukinn undirbúning skal það vera forgangsverkefni í B-þætti vinnumats.

C-þáttur: Sérverkefni/viðbótarverkefni

Sérverkefni/viðbótarverkefni sem skólastjóri felur kennara í samkomulagi við hann. Sá tími sem ætlaður er í þennan þátt getur dregið úr vægi verkefna í A eða B þáttum í vinnuskyldu viðkomandi kennara. Hér er t.d. um að ræða verkefnisstjórn, fagstjórn, gæslu, félagsstarf, innkaup, námsefnisgerð, umfangsmeiri námskrárvinnu og skólaþróunarverkefni önnur en þau sem felast í B þætti.

8. VINNUSKYLDA VEGNA NÁMSKEIÐA OG Í ÓHEFÐBUNDNU SKÓLASTARFI

Grein 2.1.6.2 breytist og hljóði svo:

Þá daga sem varið er til ýmissa starfa í þágu skóla er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Hér er átt við alla undirbúningsdaga kennara, námskeiðsdaga á vegum vinnuveitanda, nemendaferðir og daga sem nýttir eru til óhefðbundins skólastarfs s.s. þemadaga, íþróttadaga og á sérstökum uppbrotisdögum. Uppbrotisdagar geta mest orðið 10 dagar á skólaárinu og skal tilgreina þá á skóladagatali verði því viðkomandi.

Uppbrotisdagar eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Leitast skal við að tilgreina uppbrotisdaga á skóladagatali hvers skólaárs. Þetta geta verið þemadagar, íþróttadagar og ýmsir vettvangs- og ferðadagar. Það getur verið breytilegt á milli skóla og skólaára hversu margir þessir dagar eru. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi uppbrotisdagsins. Að lokinni dagskrá uppbrotisdagsins hafa verkefni A-verkþáttar forgang.

Hálfur skóladagur getur talist uppbrotisdagur s.s. ef uppbrotið á sér stað fyrir hádegi og síðan fer venjuleg kennsla fram eftir hádegið. Hálfur dagur telst sem heill uppbrotisdagur. Æskilegt er að dreifa uppbrotisdögum á mismunandi vikudaga.

Skertir skóladagar nemenda teljast ekki til uppbrotisdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis og er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldraviðtalsdaga, jólaskemmtanir, íþrótt- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk starfa í B-verkþætti skv. vinnumati.

9. NEMENDAFERÐIR, GREIÐSLUR FYRIR UMSJÓN

Grein 2.3.9 breytist og hljóði svo:

Þegar kennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu.

Þegar um dagsferðir er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Um lágmarkshvöld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

10. GÆSLA NEMENDA

Grein 2.3.10 breytist og hljóði svo:

Sé kennara falin gæsla nemenda í frímínútum eða öðrum kennsluhléum, fyrir eða eftir kennslustund, skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi enda eykst daglegt vinnuframlag sem því nemur.

11. HEIMILD TIL AÐ SAFNA FRÍDÖGUM VEGNA YFIRVINNU

Ný grein 2.4.7 tekur gildi 1. ágúst 2016 og hljóði svo:

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við skólustjóra, að safna allt að 5 frídögum á skólaári vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Skólustjóri ákvarðar hvenær heimilt er að taka út uppsafnað frí.

Áunnið frí vegna yfirvinnu skal tekið fyrir 31. júlí ár hvert, ella greiðist fríið út sem dagvinnustundir.

Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í frí heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

12. KENNSLUVIÐMIÐ Í DAGVINNU

Grein 2.5.1 breytist og hljóði svo frá 1. ágúst 2017:

Kennsluskylda er 26 kest. (17,33 klst.) á viku fyrir fullt starf án kennsluafsláttar. Kennsluskylda umsjónarkennara skal vera 25 kest. (16,66 klst.) á viku fyrir fullt starf án kennsluafsláttar.

Skólustjóri og kennari geta gert samkomulag um að kennari kenni meira eða minna á bilinu 24 kest – 28 kest. og minnki eða auki þannig tíma til verkefna í B-þætti. Slíkt samkomulag er háð samþykki kennara og skólustjóra. Geri skólustjóri og kennari slíkt samkomulag þá gildir eftirfarandi: Ef kennsla eykst gegn skerðingu tíma til annarra starfa í B-þætti greiðist ekki yfirvinna. Ef tími til annarra starfa í B-þætti er ekki minnkaður á móti aukinni kennslu skal greiða yfirvinnu fyrir hana enda eykst vinnuframlag sem því nemur.

Kennarar 55 ára og eldri, sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslættti, hafa áfram 24 kennslustundir í kennsluskyldu. Kennarar 60 ára og eldri, sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslættti, hafa áfram 19 kennslustundir í kennsluskyldu.

Fela má kennara forfallakennslu án aukagreiðslu, t.d. vegna þess að nemendur sem hann átti að kenna eru í ferðalagi, allt að fjölda þeirra kennslustunda sem hann átti að kenna þann daginn.

Við niðurröðun kennslu skal leitast við að hafa hana eins samfellda og kostur er.

13. LÆKKUN HÁMARKSVINNUSKYLDU NÝLIÐA Í DAGVINNU

Grein 2.5.1.1 breytist og hljóði svo:

Hámarkskennsla nýliða í dagvinnu fyrsta árið í starfi lækkar um eina kennslustund á viku. Nýliði er kennari sem ekki hefur kennt við grunnskóla síðastliðin fimm ár.

14. SKAÐABÓTAKRAFA

Ný grein 7.6 hljóði svo:

7.6.1 Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

15. STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Greinar 10.1 og 10.2 breytast og hljóða svo:

10.1 STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

Skólastjóri skal setja fram drög að starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna. Drögin skulu lögð fram fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.

10.2 STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN OG SÍMENNTUN

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólafars má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknum mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Skólastjóri getur heimilað kennara að nota hluta eða allan tíma sem ætlaður er til starfsþróunar/ undirbúnings kennara í þeim tilfellum sem kennari sækir sér nám á meistarastigi á sviði uppeldis og menntunar.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Heimilt er að leggja fram starfsþróunaráætlun til lengri tíma eða allt að þriggja ára. Breytingar sem kunna að verða á starfsþróunaráætlunum sem ná til lengri tíma en eins árs skulu kynntar kennurum fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Í drögnum skal a.m.k. liggja fyrir áætlun um hvaða dagar eru ætlaðir til sameiginlegrar starfsþróunar. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla.

Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

16. VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA KENNSLUFERILS, LÍFALDURS EÐA STARFSÞRÓUNAR

Grein 10.3 breytist og hljóði svo:

Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun allra starfsheita sem hér segir:

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu A sbr. gr. 2.5.2 og afsalað sér þeim réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil, tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil og tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.

Kennarar sem valið hafa að taka laun samkvæmt launatöflu B sbr. gr. 2.5.2 og halda réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil.

Eftirfarandi gildir um kennara sem sem voru í starfi 17. nóvember 2004 og völdu að taka laun útfra lífaldri:

Kennarar sem valið hafa að taka laun skv. launatöflu A sbr. gr. 2.5.2 og hafa afsalað sér þeim réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá tvo launaflokka við 35 ára aldur, tvo til viðbótar við 40 ára aldur og tvo að auki við 45 ára aldur.

Kennarar sem valið hafa að taka laun skv. launatöflu B sbr. gr. 2.5.2 og halda réttindum sem felast í gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk við 35 ára aldur, einn til viðbótar við 40 ára aldur og einn að auki við 45 ára aldur.

Heimilt er kennara sem var í starfi þann 17. nóvember 2004 að velja að miða við kennsluferil skv. 1. mgr.

Breyting tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst launagreiðenda.

Til viðbótar við ofangreint fá kennarar sem taka laun skv. launatöflu A og hafa afsalað sér kennsluafslætti einn launaflokk eftir 20 ára kennsluferil hafi þeir verið í starfi fyrir 31. maí 2014.

Kennari sem var í starfi fyrir 31. maí 2014 og valdi lífaldursleið árið 2004 fær einn launaflokk við 50 ára aldur hafi hann afsalað sér kennsluafslætti og taki laun skv. launatöflu A.

Launahækkun vegna starfsþróunar skal miðast við upphaf næsta mánaðar eftir afmælisdag eða eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við endurmenntunaráætlun. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla.

Framangreind skýring á ekki við um þá fjóra launaflokka sem kennarar ávinna sér vegna afsals kennsluafsláttar sbr. 2., 5. og 9. mgr.

17. SAMSTARFSNEFND

Kafli 11 breytist og hljóði svo:

11.1 SAMSTARFSNEFND

11.1.1 Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

Starf samstarfsnefndar liggur að jafnaði niðri meðan kjaraviðræður standa yfir.

11.1.2 Skipan samstarfsnefnda

Samningsaðilar hvor um sig skipa þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og þrjá til vara. Aðilar tilkynni gagnaðila formlega um skipan fulltrúa í nefndinni.

11.1.3 Framlagning erinda og málsmeðferð

Erindum sem vísað er til úrskurðar samstarfsnefndar ber að fylgja greinargerð, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem ágreiningsefni eru skilgreind og sjónarmið hlutaðeigandi aðila eru rakin. Áðurnefnd gögn skulu berast samstarfsnefnd a.m.k. þremur dögum fyrir boðaðan samstarfsnefndarfund.

11.1.4 Ákvarðanir og úrskurðir samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal að jafnaði svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Verði samstarfsnefnd sammála um niðurstöðu gildir hún frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst kynnt gagnaðila með sannanlegum hætti nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Fundargerðir samstarfsnefndar eru birtar á heimasíðum samningsaðila.

18. TÆKNIFRJÓVGUN

Ný grein 13.2.11 tekur gildi frá 1. október 2016 og hljóði svo:

Þeim starfsmönnum sem eru fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar verði greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga ef nauðsyn krefur. Starfsmaður skili vottorði frá viðkomandi lækni sem framkvæmir tæknifrjóvgunina eða þeim lækni sem sendir starfsmanninn í þessa aðgerð en þá verður það að koma fram á vottorðinu að um slíka ákvörðun sé að ræða.

19. GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

Samningsaðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila sem gildir frá 1. ágúst 2016 – 31. mars 2019.

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu FG og SNS taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningi FG.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er KÍ, fyrir hönd FG, heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 5. september 2016. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 5. september 2016 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 23. ágúst 2016.

F.h. samninganefndar Sambands íslenskra
sveitarfélaga með fyrirvara um
samþykki stjórnar

F.h. Félags grunnskólakennara með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

20. BÓKANIR

Bókun 1 [2016]

Könnun á vinnuaðstöðu og hljóðvist í grunnskólum.

Aðilar eru sammála um að gerð verði sameiginleg könnun á vinnuaðstöðu kennara og hljóðvist í kennslu- og vinnurýmum þeirra. Samstarfsnefnd aðila hefur umsjón með framkvæmd og úrvinnslu könnunar sem unnin verður í samstarfi við þau sveitarfélög sem hafa á höndum rekstur grunnskóla.

Bókun 2 [2016]

Trygging raddar

Aðilar eru sammála um að samstarfsnefnd verði falið að kanna hvort hægt sé að kaupa tryggingar vegna varanlegs skaða á rödd sem gerir kennara óvinnufæran til kennslustarfa og leggja mat á kostnað vegna kaupa á slíkri tryggingu. Skoðun þessari skal lokið fyrir 1. maí 2017. Ákvörðun um framhald málsins verður tekin af samstarfsnefnd aðila.

Bókun 3 [2016]

Kennarasamband Íslands er ekki aðili að rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins er undirritað var þann 27. október 2015. Komi til þess á gildistíma kjarasamnings þessa að KÍ verði aðili að rammisamkomulaginu sem undirritað var 27. október 2015 ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á því munu aðilar skoða þýðingu þess fyrir kjarasamning þennan.

Bókun 4 [2016]

Mat á menntun

Samstarfsnefnd aðila mun á samningstímanum skoða mat á framhaldsmenntun kennara með það að leiðarljósi að kjarasamningur aðila endurspegli breyttar menntunarkröfur samkvæmt 4.gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Skoðun þessari skal lokið eigi síðar en 1. október 2018. Ákvörðun um framhald málsins verður tekin af samstarfsnefnd aðila.

Bókun 5 [2016]

Úttekt á störfum skólasafnskennara

Á samningstímanum mun samstarfsnefnd aðila kanna fyrirkomulag, starfsaðstæður og starfsheiti á skólasöfnum og í upplýsingamiðstöðvum grunnskóla. Grein 2.1.6.3, störf kennara á skólasafni, verði í framhaldinu tekin til skoðunar þyki ástæða til.

21.FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

LAUNATAFLA A-1		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. maí 2017		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	343.841
	227	352.669
Leiðbeinandi 2	228	361.757
	229	371.122
	230	380.769
	231	390.701
	232	400.933
Grunnskólakennari / Danskennari	233	411.469
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	422.327
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	433.508
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	445.022
	237	456.885
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	469.101
	239	481.683
	240	494.645
Verkefnisstjóri 2	241	507.997
	242	521.745
	243	535.910
	244	550.498
	245	565.523
	246	581.000
	247	596.940
	248	613.359
	249	630.270
	250	647.689
	251	665.400
	252	683.596
	253	702.288
	254	721.493
	255	741.221

LAUNATAFLA A-2		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	354.156
	227	363.249
Leiðbeinandi 2	228	372.610
	229	382.256
	230	392.192
	231	402.422
	232	412.961
Grunnskólakennari / Danskennari	233	423.813
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	434.997
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	446.513
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	458.373
	237	470.592
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	483.174
	239	496.133
	240	509.484
Verkefnisstjóri 2	241	523.237
	242	537.397
	243	551.987
	244	567.013
	245	582.489
	246	598.430
	247	614.848
	248	631.760
	249	649.178
	250	667.120
	251	685.362
	252	704.104
	253	723.357
	254	743.138
	255	763.458

LAUNATAFLA A-3		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019		
	Launaflokkur	Laun
Leiðbeinandi 1	226	364.781
	227	374.146
Leiðbeinandi 2	228	383.788
	229	393.724
	230	403.958
	231	414.495
	232	425.350
Grunnskólakennari / Danskennari	233	436.527
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	448.047
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	459.908
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	472.124
	237	484.710
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	497.669
	239	511.017
	240	524.769
Verkefnisstjóri 2	241	538.934
	242	553.519
	243	568.547
	244	584.023
	245	599.964
	246	616.383
	247	633.293
	248	650.713
	249	668.653
	250	687.134
	251	705.923
	252	725.227
	253	745.058
	254	765.432
	255	786.362

LAUNATAFLA B-1				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. ágúst 2016 til 31. maí 2017				
	Þrep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	316.490	329.834	343.841
	227	324.496	338.238	352.669
Leiðbeinandi 2	228	332.742	346.897	361.757
	229	341.236	355.814	371.122
	230	349.981	365.000	380.769
	231	358.993	374.461	390.701
	232	368.274	384.204	400.933
Grunnskólakennari / Danskennari	233	377.832	394.241	411.469
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	387.678	404.578	422.327
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	397.819	415.228	433.508
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	408.262	426.193	445.022
	237	419.021	437.491	456.885
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	430.104	449.126	469.101
	239	441.518	461.111	481.683
	240	453.272	473.457	494.645
Verkefnisstjóri 2	241	465.384	486.166	507.997
	242	477.855	499.265	521.745
	243	490.701	512.752	535.910
	244	503.931	526.647	550.498
	245	517.563	540.956	565.523
	246	531.600	555.697	581.000
	247	546.058	570.879	596.940
	248	560.950	586.514	613.359
	249	576.290	602.624	630.270
	250	592.088	619.212	647.689
	251	608.280	636.144	665.400
	252	624.913	653.538	683.596
	253	642.001	671.410	702.288
	254	659.556	689.771	721.493
	255	677.592	708.631	741.221

LAUNATAFLA B-2				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018				
	Þrep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	325.985	339.729	354.156
	227	334.231	348.385	363.249
Leiðbeinandi 2	228	342.724	357.304	372.610
	229	351.473	366.488	382.256
	230	360.480	375.950	392.192
	231	369.763	385.695	402.422
	232	379.322	395.730	412.961
Grunnskólakennari / Danskennari	233	389.167	406.068	423.813
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	399.308	416.715	434.997
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	409.754	427.685	446.513
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	420.510	438.979	458.373
	237	431.592	450.616	470.592
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	443.007	462.600	483.174
	239	454.764	474.944	496.133
	240	466.870	487.661	509.484
Verkefnisstjóri 2	241	479.346	500.751	523.237
	242	492.191	514.243	537.397
	243	505.422	528.135	551.987
	244	519.049	542.446	567.013
	245	533.090	557.185	582.489
	246	547.548	572.368	598.430
	247	562.440	588.005	614.848
	248	577.779	604.109	631.760
	249	593.579	620.703	649.178
	250	609.851	637.788	667.120
	251	626.528	655.228	685.362
	252	643.660	673.144	704.104
	253	661.261	691.552	723.357
	254	679.343	710.464	743.138
	255	697.920	729.890	763.458

LAUNATAFLA B-3				
Félag grunnskólakennara				
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019				
	Þrep	1	2	3
	L.fl.	<35 ára	Frá 35 ára	Frá 40 ára
Leiðbeinandi 1	226	335.765	349.921	364.781
	227	344.258	358.837	374.146
Leiðbeinandi 2	228	353.006	368.023	383.788
	229	362.017	377.483	393.724
	230	371.294	387.229	403.958
	231	380.856	397.266	414.495
	232	390.702	407.602	425.350
Grunnskólakennari / Danskennari	233	400.842	418.250	436.527
Faggreina-/sérgreina-/skólasafnskennari	234	411.287	429.216	448.047
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	422.047	440.516	459.908
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	433.125	452.148	472.124
	237	444.540	464.134	484.710
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	456.297	476.478	497.669
	239	468.407	489.192	511.017
	240	480.876	502.291	524.769
Verkefnisstjóri 2	241	493.726	515.774	538.934
	242	506.957	529.670	553.519
	243	520.585	543.979	568.547
	244	534.620	558.719	584.023
	245	549.083	573.901	599.964
	246	563.974	589.539	616.383
	247	579.313	605.645	633.293
	248	595.112	622.232	650.713
	249	611.386	639.324	668.653
	250	628.147	656.922	687.134
	251	645.324	674.885	705.923
	252	662.970	693.338	725.227
	253	681.099	712.299	745.058
	254	699.723	731.778	765.432
	255	718.858	751.787	786.362